



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 19. nóvember 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2015 (fyrri umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2015- 2018 til fyrri umræðu. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir helstu forsendum og breytum í áætluninni. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginatriði hennar. Áætluninni var síðan vísað til annarrar umræðu.

2. Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna

a. Fundargerð eigendafundar:

Fyrir fundinum lá fundargerð eigendafundar safnsins frá 22. október 2014. Niðurstaða fundarins var að leggja tillögur að nýrri skipulagsskrá og þjónustusamningi fyrir sveitarstjórnir til ákvarðanatöku.

b. Þjónustusamningur:

Fyrir fundinum lá þjónustusamningur þar sem sveitarfélögin sem eiga Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna; Húnaþing vestra, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Húnavatnshreppur og Skagabyggð, gera með þjónustusamning um rekstur þess. Í honum er m.a. kveðið á um að sveitarfélagið Húnaþing vestra taki alfarið að sér umsjón með rekstri byggðasafnsins en aðrir eigendur greiða árlega framlög til rekstursins til Húnaþings vestra, eftir því sem nánar er kveðið á um í samningnum. Sveitarstjórn ræddi þjónustusamninginn en samþykkti hann fyrir sitt leyti.

c. Samþykktir fyrir byggðasafnið:

Samþykktir sem lágu fyrir fundinum er ætlað það hlutverk að koma í stað eldri samþykpta og staðfesta það fyrirkomulag að þjónustusamningur geti verið um rekstur þess og að eigendur tryggi safninu fastar tekjur ásamt öðrum atriðum sem varða skilgreiningu á safninu og safnastarfinu. Sveitastjórn samþykkti þær fyrir sitt leyti.



3. Náttúrustofa Norðurl. vestra

Fyrir fundinum lá erindi Náttúrustofu Norðurlands vestra vegna framtíðarreksturs stofunnar ásamt samningi um Náttúrustofu Nl.vestra við ríkið og útdrætti úr lögum þar sem fjallað er um náttúrustofur. Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti að vera til umræðu um framtíð Náttúrustofu Norðurlands vestra og að taka þátt í fundi um mögulegar breytingar á starfsemi náttúrustofunnar sem haldinn verður innan tíðar. Fulltrúi á fundum um náttúrustofu verði Halldór G. Ólafsson.

4. Tónlistarskóli A-Hún

- a. Fundur stjórnar 12.06.2014

Fundargerðin var til kynningar.

- b. Fundur stjórnar 7.10.2014

Fundargerðin var til kynningar.

- c. Fundur stjórnar 27.10.2014

Fundargerðin var til kynningar.

- d. Fjárhagsáætlun 2015

Í fjárhagsáætlun kemur fram að gert er ráð fyrir að framlag sveitarfélaga til Tónlistarskóla A-Hún 2015 verði samtals 36.500 þús. og að framlag til lúðrasveitar verði 590 þús. Hlutdeild Skagastrandar í framlögum til tónlistarskóla er áætluð 10.802 þús. og til lúðrasveitar 147,5 þús.

Sveitarstjórn ræddi fjárhagsáætlunina og vísaði henni til seinni umræðu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

5. Vinabæjasamstarf

Fyrir fundinum lágu tölvupóstsamskipti vegna áherslupunkta sem ákveðið var að hvert sveitarfélag í vinabæjasamstarfinu leggði þrjár tillögur fram eftir vinabæjamót sl. sumar en samstarfsgrunnurinn yrði síðan ræddur og útfærður nánar. Sveitarstjórn ræddi hugsanlega samstarfsfleti og hvaða áherslur væri hægt að leggja í samstarfi vinabæjanna sem hentaði Skagaströnd. Eftirfarandi var samþykkt:

- Menning og listir

Gagnkvæm samskipti á sviði lista þar sem Nes listamiðstöð væri miðpunktur af hálfu Skagastrandar.

- Skólar og menntun

Samskipti milli skóla á grunnskólastigi þar sem rannsóknir á sviði skóla og menntunar væru nýttar til samanburðar og upplýsingaskipti væru um lausnir og leiðir



- Umhverfisrannsóknir – líffræði.
Stofnað verði til samstarfsgrunnis á sviði umhverfis og líffræðirannsókna þar sem BioPol væri þátttakandi af hálfu Skagastrandar

6. Skagastrandarhöfn – dýpkun

Fyrir fundinum lágu drög að samningi milli Skagastrandarhafnar og Björgunar ehf. um verkið „Skagastrandarhöfn viðhaldsdýpkun 2014“ ásamt grunnmynd af því svæði sem áætlað er að dýpka. Einnig lá fyrir fundinum bréf UST sem veitir samþykki til vörpunar dýpkunarefnis á því svæði sem sótt er um. Í samningi er gert ráð fyrir að kostnaður verði 10.590 þús. Áætlað er að kostnaður hafnarinnar verði um 4 milljónir króna. Sveitarstjórn yfirfór framangreind gögn og samþykkti samningsdrögin fyrir sitt leyti og fól sveitarsjóra að undirrita samninginn.

7. Bréf:

- a. Stjórnar USAH, dags. 4. nóv. 2014

Með bréfinu óskar USAH eftir styrk vegna Landsmóts 50+ sem haldið verður á Blönduósi sumarið 2015. Erindinu var vísað til seinni umræðu fjárhagsáætlunar og frekari upplýsinga aflað fram að þeim tíma.

- b. Skíðadeildar Tindastóls, dags. 9. nóv. 2014

Með bréinu óskar formaður skíðadeildarinnar eftir fundi með sveitarstjórn til að ræða framtíðaruppbyggingu á skíðasvæðinu. Sveitarstjóra falið að koma á fundi í janúar nk.

- c. Skíðadeildar Tindastóls, dags. 6. nóv. 2014

Með bréfinu óskar forstöðumaður skíðasvæðisins eftir að sveitarfélagið styrki verkefnið „Töfrateppi fyrir byrjendur“ sem verið sé að safna fyrir á vegum skíðadeildarinnar. Sveitarstjórn vísaði til fjárhagsáætlunar þar sem gert er ráð fyrir 250 þús. kr. styrk til deildarinnar.

- d. Farskólans, dags. 24. okt. 2014

Með bréfinu er óskað eftir 95.000 kr. rekstrarstyrk til Farskólans fyrir árið 2015. Fram kom að gert er ráð fyrir þeim styrk í fjárhagsáætlun.

- e. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 29. okt. 2014

Með bréfinu tilkynnir jöfnunarsjóður um áætlaða úthlutun framlaga til sveitarfélagsins vegna nýbúafraeðslu 2015.

Bréfið var til kynningar.



f. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 29. okt. 2014

Með bréfinu tilkynnir jöfnunarsjóður um áætlaða úthlutun framlaga til sveitarfélagsins vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2015.

Bréfið var til kynningar.

g. Kirkjukórs Hólaneskirkju, dags. 28. okt. 2014

Með bréfinu óskar kirkjukór Hólaneskirkju eftir styrk vegna fyrirhugaðrar Kanadaferðar kórsins sumarið 2015. Halldór og Steindór lýstu vanhæfi sínu og véku af fundi.

Samþykktur var styrkur að upphæð kr. 850.000.- Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

h. Eignarhaldsfélags BÍ, dags. 24. okt. 2014

Með bréfinu er tilkynnt um ágóðahlutagreiðslu eignarhaldsfélagsins til aðildarsveitarfélaga sem er 365 þús. á árinu.

Bréfið var til kynningar.

8. Fundargerðir:

a. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 18.11.2014

Fundargerðin var til kynningar.

b. Starfshóps um eyðingu lúpínu, 20.10.2014

Fundargerðin var til kynningar.

c. Hafnar og skipulagsnefndar, 16.09.2014

Fundargerðin var til kynningar

d. Tómsunda og menningarmálanefndar, 30.10.2014

Undir dagskrárlið 4 var fjallað um 75 ára afmælishátíð sveitarfélagsins 1. desember nk.

Sveitarstjórn samþykkti áætlun tómsunda- og menningarmálanefndar. Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

e. Stjórnar Bs. um menningu og atvinnu. í A-Hún, 5.11.2014

Fundargerðin var til kynningar.

f. Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 7. okt. 2014

Fundargerðin var til kynningar.

g. Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 30. okt. 2014

Fundargerðin var til kynningar.



h. Aðalfundur Menningarráðst Nl. vestra 16.10.2014
Fundargerðin var til kynningar.

i. Menningarráð Nl. vestra, 14.10.2014
Fundargerðin var til kynningar.

j. Stjórnar SSNV, 15.10.2014
Fundargerðin var til kynningar.

k. Stjórnar SSNV, 29.10.2014
Fundargerðin var til kynningar.

l. Aðalfundur Róta bs., 30.09.2014
Fundargerðin var til kynningar.

m. Stjórnar Hafnarsambands Íslands, 31.10.2014
Fundargerðin var til kynningar.

n. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 8.10.2014
Fundargerðin var til kynningar.

o. Aðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 8.10.2014
Fundargerðin var til kynningar.

p. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 3.11.2014
Fundargerðin var til kynningar.

q. Stjórnar Samb. ísl. sv.félaga, 31.10.2014
Fundargerðin var til kynningar.

9. Önnur mál

Íbúafundur um umhverfismál var til umræðu og var ákveðið að halda fund um málið í janúar en tillaga að dagskrá verði lögð fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl10,55

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson